



LANDSMÓT

**Landsmót**

5.-11. júlí 2026



SKAGFIRÐINGUR

REGLUGERÐ

HÓLAR Í HJALTADAL

# B-FLOKKUR ÁHUGAMANNA

*Gæðingaflokkur 2*



## 1. Þátttökuréttur í B-flokki áhugamanna

Þátttakendafjöldi í B-flokk áhugamanna (*gæðingaflokkur 2*) miðast við fjölda félagsmanna sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga LH þann 15. apríl ár hvert. Aðildarfélag mega senda *1 keppanda fyrir hverja 250 féлага og svo framvegis*.

Val hrossa B-flokk áhugamanna á landsmóti (*gæðingaflokkur 2*) skal fara fram hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og úrtökur. Einungis keppnispör sem ná gildum árangri í úrtöku síns félags, í **gæðingaflokki 2** eru gjaldgeng til þátttöku í flokknum. Knapi má **ekki** hafa keppt í meistaraflokki í íþróttakeppni og gæðingaflokki 1 í gæðingakeppni á löglegum utanhúsmótum á árinu.

Hestur getur aðeins keppt fyrir **eitt** félag hvert almanaksár (reglur um gæðingakeppni 3.1). Barni, unglíngi og ungmenni er **ekki** heimilt að taka þátt í áhugamannaflokki, knapi þarf að vera 22 ára aldri á árinu eða eldri. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali þeirra hrossa sem fara á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð.



**Landsmót**

5.-11. júlí 2026



**SKAGFIRÐINGUR**

## 2. Úrtaka

Félögum er heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur. Sé hærrí einkunn keppenda, tveggja eða fleiri, jöfn, skal litið til einkunnar úr hinni umferðinni. Skiptir þar ekki máli hvort það er fyrri eða seinni umferð. Séu hestar enn jafnir skulu þeir báðir fá sæti á landsmóti fyrir sitt félag.

Forfallist skráð þar á landsmóti, kemur varakeppandi og hestur hans í stað þess forfallaða (einn varahestur á hvert félag). Hestamannafélögin taka það fram í sínum skráningum á landsmót upp á hvora höndina knapi vill sýna. Komi varahestur inn skal hann sýna upp á sömu hönd og sá sem hann kemur í staðinn fyrir.



### 3. Framkvæmd

Knapi og hestur sem keppir í áhugamannaflokki (**gæðingaflokkur 2**), getur ekki keppt líka í A og/eða B flokki á sama móti.

#### Sérstök forkeppni

Sérstök forkeppni fer fram í B-flokki áhugamanna þar sem allt að þrjú hestar eru í dómi á hringvellingnum í einu. Sjá nánar framkvæmd á sérstakri forkeppni (**8.1**) í reglugerð um gæðingakeppni. **Ekki** verður riðinn milliriðill. A-úrslit verða framkvæmd eins og úrslit í B-flokki. Fari þátttakendafjöldi yfir 50, verða að auki riðin B-úrslit.

Framkvæmdanefnd dregur um um röð keppenda. Knapi skráir upp á hvora hönd hann vill ríða sérstaka forkeppni. Úrtaka aðildarfélaga fyrir B-flokk áhugamanna **skal fara fram með sérstakri forkeppni** líkt og riðin er á Landsmóti. Í gæðingakeppni B-flokks áhugamanna (gæðingaflokkur 2) er þískur **ekki** leyfður.

### 4. Agaviðurlög

Sjá nánar í kafla 4 í reglur um mótahald á Íslandi.